

Willem van der Zwan

Stórútgerðin **Willem van der Zwan** í Hollandi gerir út nokkra togara til veiða á uppsjávar fiski í Norðursjó, N-Atlantshafi, Kyrrahafi og víðar. Má þar nefna síld, makrill, hestamakrill og kolmunna.

Í flota félagsins eru nokkur af stærstu fiskiskipum sem sigla um heimshöfin, t.d. Willem van der Zwan sem er 142 metrar að lengd með rúmlega 10000 hp aðalvél og frystigetu fyrir allt að 450 tonnum af fiski á sólarhring. Fyrir tveimur árum kom upp eldur í skipinu sem var nánast flak á eftir. Aðeins aftasti hluti skipsins, vélarúm og fremsti hluti sluppu óskemmd.

Þegar eigendur ákváðu fyrir um einu ári að endurbyggja skipið þá var einnig ákveðið skipta út öllum vindum í skipinu sem voru glussa drifnar og setja rafdrifnar vindur í staðinn og spara þannig olíu og minnka viðhald. Fyrir valinu var **vindubúnaður frá NAUST MARINE** ásamt **ATW togvindu stjórnun**.

Árið áður hafði þessi sama útgerð keypt samskonar búnað frá NAUST MARINE í annað skip í þeirra eigu, sem var í gagngerum breytingum og lengingu. Þetta var togarinn ALIDA sem er mest að veiðum á síld og makrill í Norðursjó og á Ermasundi.

Á þessu ári er **NAUST MARINE** að ganga frá afhendingu á þriðja kerfinu fyrir þessa sömu

útgerð. Það verður sett í skipið **FRANZISKA** sem er um 120 metra togari og veiðir m.a. hestamakrill í Kyrrahafi á slóðum djúpt vestur af Chile.

Í öll skipin er settur samskonar búnaður, þar sem vindurnar eru framleiddar hjá IBERCISA á Spáni en **stjórnbúnaður er allur hannaður og samansettur hjá NAUST MARINE**. Þar er byggt á margra ára reynslu og þróun á stjórnbúnaði fyrir rafdrifnar vindur frá NAUST MARINE sem notaður er nú í um 70 skipum víðsvegar um heiminn. Umræddur búnaður í þessum þremur skipum Willem van der Zwan samanstendur af eftirfarandi:

- Togvindur með 380 kW jafnstraums rafmóturum og fullkomnu ATW kerfi fyrir sjálfvirka stjórnun í slökun, á togi og í hífingu. Hámarks tog er um 95 tonn.
- 2x Net vindur með 250 kW riðstraums rafmóturum og stjórnun á afl og hraða fyrir hífingu og slökun á flotvörpu. Hámarkstog er um 50 tonn.
- 2-4 Gilsvindur með 100 kW riðstraums rafmóturum og stjórnun á afl og hraða. Hámarks tog er um 40 tonn.
- 1x „Top-line“ vindu með 260 kW jafnstraums mótur, ásamt stjórnun fyrir afl og hraða. Hámarkstog er um 80 tonn.



Willem van der Zwan í breytingum



Horft aftur eftir togþilfari

Fjölhæf ferjöld - 4100 línan

Sífelld fleiri af okkar viðskiptavinum eru að uppgötva kosti nýju 4100 línunar af ferjöldum frá PRelectronics. Framleiðendurnir hafa kosið að kalla línuna "Preasy" þar sem lagt var upp með að þróa vöru sem væri: Fjölhæf - Notendavæn - Áreiðanleg. Umeraðræða þrjár einingar 4114, 4116 og 4131 sem eru fjölhæf ferjöld sem hægt er með einföldum hætti að forrita fyrir viðnáms-hitanema (t.d. Pt100), hitavinn (thermocouple), stilliviðnám, mA merki og spennumerki. Útgangsmarkið, hvort sem það er spennu eða straummerki eða virkni liða, er hægt að velja með samskonar hætti. Það er því hægt að nota hverja gerð til margvíslegra verkefna.

Auðveld forritun

Forritunin er framkvæmd með lítilli einingu (4501) sem smellt er framan á ferjalda. Þessi eining er með þremur tökkum og skjá og hægt er að nota skjáinn til að fylgjast með því sem verið er að mæla. Auk þess kemur fram á skjánum ef sambandsleysi kemur upp. Öll forritun er gerð með þessari forritunar einingu og hvorki þarf að nota tölvu né færa til dip-rofa. Með texta á skjánum er notandinn leiddur í gegnum forritunina á auðveldan og þægilegan hátt. Það er s.s. nóg að eiga eina svona forritunareiningu til að geta forritað allar 4100 gerðinar.



Þrjár gerðir

Eins og áður sagði er val á milli þriggja eininga sem hafa allar sömu möguleika á tengingu á inngangsmarki en mismunandi möguleikum á útgöngum. 4114 er með 4-20mA og 0-10V útgang. 4116 er einnig með 4-20mA og 0-10V en að auki með tvo liða útganga sem hægt er að forrita sjálfstætt hvorn fyrir sig. 4131 er með tvo liðaútganga sem hægt er að forrita á sama hátt og í 4116. Hægt er að spennufæða allar einingarnar hvort sem er með riðstraum 21,6-253VAC eða jafnstraum 19,2-300VDC. Að lokum má nefna að einingunum fylgir 5 ára ábyrgð sem kemur þeim sem þekkja vörur PRelectronics eflaust ekkert á óvart. Nánari tæknilegar upplýsingar er hægt að nálgast á vef PRelectronics: www.prelectronics.com

Verðlaun



Naust Marine hlaut verðlaun á síðustu Sjávarútvegssýningu sem haldin var í Kópavogi á liðnu ári.

**Framúrskarandi Íslenskur
framleiðandi - veiðar
(minni fyrirtæki)**

Þetta er í annað sinn sem Naust Marine fær þessi verðlaun.



*Guðjón Einarsson ritstjóri Fiskifrétta
afhendir Snæbirni Sveinssyni
Tæknifræðing hjá Naust Marine
verðlaunin*

VERÐLAUN